

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafræna skólaþjónustukerfið Búa

Á fundi stafræns ráðs þann 27. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita hver sé staðan á stafræna skólaþjónustukerfinu Búa. Spurt er af hverju ekkert bólar á Búa þrátt fyrir að langt er síðan að fjármagni var veitt í það verkefni?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 28. nóvember 2024.

Svar:

Í upphafi árs 2022 hófst greiningarvinna á ferli skólaþjónustu í samstarfi við eigenda- og verkefnahóp Betri borgar fyrir börn, með stuðningi Bloomberg Philanthropies. Sú vinna leiddi meðal annars í ljós þörf fyrir nýtt stafrænt kerfi, sem fékk nafnið Búi – skólaþjónusta. Kerfið er hannað til að halda utan um gögn og upplýsingar um börn í skólum borgarinnar sem þurfa á skólaþjónustu að halda, svo sem matslista, greiningar og annað tengt efni. Til að kerfið geti farið í notkun þarf að uppfylla nokkur skilyrði. Meðal annars þarf að flytja lén stafsólks skólanna yfir á reykjavik.is, og verkefni því tengd eru í vinnslu og miða vel áfram. Þá hefur uppsetning þróunarumhverfis í Azure reynst tímafrekari en áætlað var vegna flókinna verkferla og fjölda aðila sem þurfa að koma að lausn áskorana í framkvæmdinni. Verklök uppsetningar þróunarumhverfis í Azure verða, samkvæmt áætlun, vorið 2025.

Stafræna kerfið, Búi – skólaþjónusta, er nú innleiðingarferli. Innleiðingu er lokið í einum skóla og fleiri skólar bætast við hver af öðrum. Starfsfólk fyrsta skólans sem innleiddi kerfið lýsti yfir ánægju með hversu notendavænt og kunnuglegt viðmótið er. Kerfi sem geyma viðkvæmar upplýsingar um börn í skólum borgarinnar þurfa að vera vel hönnuð og örugg. Því er lögð rík áhersla á gæði og öryggi við þróun stafræna kerfisins fyrir skólaþjónustu, jafnvel þótt það þýði að vinna gangi hægar en ella. Með því er örugg og traust innleiðing fyrir þessa mikilvægu þjónustu tryggð.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga